




Uppgjör 6M 2024

Lilja Björk Einarsdóttir
Bankastjóri

Hreiðar Bjarnason
Framkvæmdastjóri Fjármála

Landsbankinn – stærsta fjármálafyrirtæki á Íslandi

Rekstrartekjur án virðisbreytinga



Hlutdeild og stærð



Útlán*
28,3%

Innlán**
36,9%

Heildareignir
2.075
ma.kr.

Eiginfjárlutfall
24,4%

Lánshæfismat S&P Global

BBB+/A-2

Stöðugar horfur

Áhættumat vegna UFS-pátta



Hverfandi áhætta



*Markaðshlutdeild í útlánnum lánaðafyrirtækja
**Markaðshlutdeild í innlánnum innlánsstofnana
Heimild: Seðlabankinn, 31. maí 2024

Sterkt uppgjör á fyrri helmingi ársins

Efnahagsreikningur bankans heldur áfram að stækka



Arðsemi eigin fjár er 10,5%, en vænt arðsemi á árinu er 11-13%.

Hreinar vaxtatekjur halda áfram að aukast með góðri ávöxtun lausafjár í háu vaxtaumhverfi ásamt því sem efnahagsreikningur bankans fer stækkandi.

Hreinar þjónustutekjur lækka um 373 milljónir á milli ára eftir metárið 2023.

Virðisrýrnun útlána nemur 3,5 milljörðum og er stór hluti tengdur náttúruhamförum í Grindavík.

Kostnaðarhlutfall bankans helst lágt þar sem tekjur hækka í takt við kostnað. Kostnaður helst nokkuð stöðugur.

Heildareignir eru yfir 2.000 milljarðar og hafa aukist um 6% á árinu.

Útlánavöxtur er góður á árinu og útlán aukast um 7% á fyrri helmingi ársins. Útlán til fyrirtækja aukast um 84,2 milljarða og útlán til einstaklinga um 23,5 milljarða. Verðtryggð lán aukast um 103 milljarða.

Fjármögnun hefur gengið vel. Á fyrri helmingi ársins lauk bankinn við sína fjórðu grænu skuldabréfaútgáfu að fjárhæð 300 milljónir evra (u.þ.b. 45 milljarðar króna) ásamt því að gefa út víkjandi skuldabréf fyrir 15 milljarða króna. Innlán aukast um tæpa 100 milljarða og eru nú 1.148 milljarðar.

Sterk eiginfjárstaða og áhættuvegið eiginfjárlutfall bankans er vel yfir 20,4% kröfu eftirlitsaðila.

Stöðugur rekstur á öðrum ársfjórðungi

Ein helsta breyting milli annars fjórðungs 2023 og 2024 er góð ávöxtun á lausafé bankans í háu vaxtaumhverfi.

Hagnaður

9,0

ma.kr.

Hreinar vaxtatekjur

+2,0%

Aðrar rekstartekjur

2,4

ma.kr.

Arðsemi eigin fjár

11,7%

Kostnaður sem hlutfall af tekjum
(K/T hlutfall)

32,5%





Stórauknir möguleikar í öflugu appi



Nýtt í appinu


Yfir
130 þúsund
nota appið á mánuði

+9%
á fyrstu 6 mánuðum
ársins

Sparað í appi

48%
aukning á fyrstu
6 mánuðum 2024

Plúskort



Einfalt að stofna í appinu
– engin árgjöld
– engin færslugjöld



Lífeyris- sparnaður

Hægt að sækja um séreignar-
og skyldusparnað
– ítarleg yfirlit um greiðslur
og réttindi



15 uppfærslur frá
áramótum



Íbúðalán í appinu

Einfalt að taka íbúðalán
og endurfjármagna

Aukið öryggi



Öryggisstillingar
vegna kortanotkunar
og neyðarlokun



Fjöldmargir nýir
og spennandi
samstarfsaðilar

HAGKAUP

Útilíf



PLAY

Færsluhirðing á fullri ferð

Færsluhirðingarþjónustan og tengdar tæknilausnir hafa fengið afar góðar viðtökur. Markaðshlutdeildin hefur vaxið hratt á því rétt rúma ári sem liðið er frá upphafi þjónustunnar og er orðin mjög sterk.





Landsbankinn og TM – betri saman

TM



- TM tryggingar hf. er þriðja stærsta tryggingafélagið á Íslandi með um 19,6 ma.kr. í tekjur af váttryggingasamningum á árinu 2023.
- TM býður upp á víðtæka váttryggingaþjónustu bæði í skaða- og líftryggingum.
- TM er með 21% markaðshlutdeild á Íslandi og með hæstu markaðshlutdeildina hjá fyrirtækjum. TM var með lægsta samsetta hlutfallið* af öllum tryggingafélögum á árunum 2021, 2022 og 2023.

Kaupin


- Samningur um kaup Landsbankans á TM tryggingum hf. af Kvikubanka var undirritaður 30. maí 2024. Kaupverð var 28,6 ma.kr. en endanleg greiðsla fyrir félagið er háð kaupverðsaðlögun á þeim degi sem bankinn tekur við rekstri félagsins.
- Kaupin eru háð samþykki Samkeppniseftirlitsins og fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Bankinn mun taka við rekstri félagsins að fengnu slíku samþykki.

*Samsett hlutfall er samanlagt tjón, hluti endurtryggingar í iðgjöldum og tjónum og rekstrarkostnaður af váttryggingarekstri, deilt með iðgjöldum tímabils.

Tækifærin



Lykiltölur 31.12.2023 (ma.kr.)



Jákvæð áhrif á íslenskt samfélag

Fræðsla og styrkir

Veittum 16 framúrskarandi námsmönnum styrki

Fjármálamót um íbúðalán og endurfjármögnun var vel sótt

Hagfræðideild tekur púlsinn á markaðinum með reglulegum útgáfum og fundum

HönnunarMars

Stoltur bakhjarl HönnunarMars – hýstum stórglæsilega sýningu á íslenskri hönnun í bankanum í Reykjastræti

Skólahreysti

Aðalstyrktaraðili Skólahreysti sem lauk í maí með sigri Flóaskóla eftir æsispennandi úrslitakeppni




Fjárhagsleg markmið og þróun lykilmælikvarða

Sterk fjárhagsstaða og skilvirkur rekstur

Arðsemi

Arðsemi eigin fjár



Markmið 6M 2024


≥ 10% 10,5%

Leiðbeinandi viðmið

Vænt arðsemi eigin fjár á árinu 2024 er 11-13%.

Skilvirkni

Kostnaðarlutfall (K/T)



Markmið 6M 2024


≤ 40% 33,1%

Leiðbeinandi viðmið

Vænt K/T hlutfall á árinu 2024 er 30-35%.

Fjárhagslegur styrkur

Almennt eigið fé þáttar 1 (CET1)




Markmið 6M 2024

≥ 18% 21,7%

Leiðbeinandi viðmið

Vera í hæsta flokki fyrir áhættuvegið eiginfjárlutfall eins og það er metið af lánshæfismatsfyrirtækjum.

Eiginfjárlutfall alls



Markmið 6M 2024

≥ 22% 24,4%

Leiðbeinandi viðmið

Stefnt er að því að fullnýta áfram svigrúm til útgáfu eigin fjár þáttar 2. Útgáfa skuldabréfa viðbótar eigin fjár þáttar1 (AT1) er til skoðunar.

Markmið: Reglulegar arðgreiðslur verði um 50% af hagnaði fyrra árs



Rekstrarreikningur


Rekstrarreikningur

	6M 2024	6M 2023	Breyting	
Hreinar vaxtatekjur	29.135	27.535	1.600	6%
Hreinar þjónustutekjur	5.378	5.751	-373	-6%
Hrein virðisbreyting	-3.460	-1.591	-1.869	118%
Aðrar rekstrartekjur (gjöld)	6.334	2.782	3.552	128%
Rekstrartekjur samtals	37.387	34.477	2.910	8%
Laun og launatengd gjöld	8.423	8.313	110	1%
Annar rekstrarkostnaður	5.077	4.725	352	7%
Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	1.236	1.120	116	10%
Rekstrargjöld samtals	14.736	14.158	578	4%
Hagnaður fyrir skatta	22.651	20.319	2.332	11%
Tekjuskattur	6.530	5.846	684	12%
Hagnaður tímabilsins	16.121	14.473	1.648	11%


	2F 2024	2F 2023	Breyting	
	14.752	14.469	283	2%
	2.642	2.703	-61	-2%
	-746	520	-1.266	-244%
	3.178	-535	3.713	-694%
	19.826	17.157	2.669	16%
	4.190	4.194	-4	0%
	2.491	2.370	121	5%
	636	550	86	16%
	7.317	7.114	203	3%
	12.509	10.043	2.466	25%
	3.544	3.326	218	7%
	8.965	6.717	2.248	33%

Hreinar rekstrartekjur


Hátt vaxtastig og stækkun efnahagsreiknings skila 6% aukningu í hreinum vaxtatekjum




Hreinar vaxtatekjur



Hreinar þjónustutekjur




Meginvextir Seðlabankans og vaxtamunur




Rekstrargjöld

Rekstrarkostnaður hækkar um 5% á milli ára, en lækkar að raungildi



Laun og tengd gjöld



Stöðugildi



Rekstrargjöld




Efnahagsreikningur

Heildareignir

Útlán til viðskiptavina aukast um 7% og heildareignir eru yfir 2.000 ma.kr.

	30.6.2024	31.12.2023	Breyting	
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	111	76	35	46%
Markaðsskuldabréf	140	148	-8	-5%
Hlutabréf	23	19	4	21%
Útlán og kröfur á lánastofnanir	33	54	-21	-39%
Útlán og kröfur á viðskiptavini	1.739	1.631	108	7%
Aðrar eignir	29	33	-4	-12%
Samtals	2.075	1.961	114	6%


- Útlán til einstaklinga jukust um 24 ma.kr. Íbúðalán aukast um 3%, eða um 25 ma.kr.
- Útlán til fyrirtækja jukust um 84 ma.kr. frá áramótum en af þeirri upphæð eru áhrif gengis um 0,8 ma.kr. til lækkunar.





Útlán og kröfur á viðskiptavini

Veruleg aukning verðtryggðra útlána á sama tíma og vanskil aukast nokkuð

Heildarútlán




Vandræðalán




Útlán til einstaklinga

Aukning verðtryggðra íbúðalána samhlíða uppgreiðslum óverðtryggðra íbúðalána


Útlán til einstaklinga




Íbúðalán – endursetning vaxta



Útlán heimila eftir lánsformum




Dreifing á uppsöfnuðu veðhlutfalli íbúðalána




Útlán til fyrirtækja

Almenn útlánaaukning til fyrirtækja, þvert á atvinnugreinar


Útlán til fyrirtækja



Útlán til fyrirtækja eftir flokkun í áhættustig




Útlán til fyrirtækja eftir atvinnugreinum




Virðisbreyting útlána

Umtalsverð virðisrýrnun vegna náttúruhamfara á Reykjanesi


Virðisrýrnunarsjóður vegna útlána og krafna til viðskiptavina



Áhættukostnaður útlána



Rekstraráhrif virðisrýrnunar



Útlán eftir áhættustigum



	Bókfært virði brúttó		Virðisrýrnunarsjóður		Bókfært virði nettó	
Áhættustig 1	1.602	91,5%	2,2	0,1%	1.600	92,6%
Áhættustig 2	79	4,5%	2,7	3,5%	76	5,2%
Áhættustig 3	28	1,6%	7,3	25,5%	21	1,2%
Gangvirði	42	2,4%		0%	42	1,2%
Samtals	1.751	100%	12,2	0,7%	1.739	100%

Skuldir og eigið fé

Fjölbreytt fjármögnun og áframhaldandi vöxtur innlána



	30.6.2024	31.12.2023	Breyting	
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	8	30	-22	-73%
Innlán frá viðskiptavinum	1.148	1.049	99	9%
Lántaka	529	514	15	3%
Aðrar skuldir	51	44	7	16%
Víkjandi lántaka	36	20	16	80%
Eigið fé	303	304	-1	0%
Samtals	2.075	1.961	114	6%

- Innlán frá viðskiptavinum aukast um tæplega 100 ma.kr. frá áramótum.
- Lántaka hækkar um 15 ma.kr. frá áramótum en af þeirri upphæð eru áhrif gengis um 2,9 ma.kr. til lækkunar.




Innlán frá viðskiptavinum

Áframhaldandi aukning innlána, einkum óverðtryggðum innlánnum heimila





- Innlán frá heimilum aukast um 60 ma.kr. á fyrstu 6 mánuðum ársins 2024 en heildarinnlán frá viðskiptavinum aukast um tæpa 100 ma.kr.
- Innstæður njóta forgangs umfram almennar kröfur við skilameðferð lánastofnana á Íslandi. Auk þess njóta samtals um 47% innlána frá viðskiptavinum ábyrgðar innstæðutryggingakerfis, samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.




Lánsfjármögnun

Vel heppnuð græn skuldabréfaútgáfa að fjárhæð EUR 300 milljónir


Sundurliðun lánsfjármögnunar



Útgáfa lánsfjármögnunar




Endurgreiðsluferill lánsfjármögnunar




Lausafjárþekja og fjármögnunarþekja

Lausafjár- og fjármögnunarhlutföll vel umfram lögbundnar kröfur


Heildarlausafjárþekja




Lausafjárþekja ISK



Lausafjárþekja EUR



Fjármögnunarþekja




Eiginfjárkröfur

Eiginfjárhlutföll vel umfram lögbundnar kröfur


	CET1	Tier 1	Alls
Stoð I	4,5%	6,0%	8,0%
Stoð II-R	1,4%	1,9%	2,5%
Lágmarkskrafa undir Stoð I og Stoð II-R	5,9%	7,9%	10,5%
Eiginfjáruki vegna kerfisáhættu	2,9%	2,9%	2,9%
Eiginfjáruki fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki	2,0%	2,0%	2,0%
Sveiflujöfnunarauki	2,5%	2,5%	2,5%
Verndunarauki	2,5%	2,5%	2,5%
Samantöguð krafa um eiginfjáruka undir Stoð II-G	9,9%	9,9%	9,9%
Heildarkrafa um eiginfjárgrunn	15,8%	17,8%	20,4%
Eiginfjárhlutfall alls	21,7%	21,7%	24,4%

- Samstæðan notast við staðalaðferð (e. standardised approach) við útreikning á eiginfjárkröfum undir Stoð I fyrir útlána- og markaðsáhættu. Fyrir rekstraráhættu notast bankinn við grundvallaraðferð (e. basic indicator approach). Bankinn beitir virkri nálgun (e. dynamic approach) hvað varðar aðlögunarákvæði um IFRS 9.
- Þann 16. mars 2024 hækkaði gildi sveiflujöfnunarauka á fjármálafyrirtæki úr 2,0% í 2,5%.
- Þann 28. júní 2024 birti fjármálaeftirlit Seðlabankans viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn samkvæmt Stoð II-R og er hún nú 2,5% af áhættugrunni fyrir Landsbankann, en var áður 2,8%.

Heildarkrafa um eiginfjárgrunn sem hlutfall af áhættugrunni




Áhættuvegnar eignir



Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL)

MREL-fjármögnun Landsbankans er vel umfram kröfur



- Nýjasta MREL-krafa skilavalds Seðlabanka Íslands til Landsbankans er frá október 2023 og er skv. lögum sú hærrí af:

- Áhættutengt:**

- 2 x (Stoð I + Stoð II-R) + Samanlögð krafa um eiginfjáruka (CBR)

- Vogunartengt:**

- 2 x Lágmarkskrafa um vogunarhlutfall (3,0% af heildarmælistærð áhættuskuldbindinga)

MREL-krafa skilavaldsins gagnvart Landsbankanum er því 31,5% af áhættugrunni í lok júní 2024, eða sem nemur 425,1 ma.kr.*

- Bankinn gerir einnig ráð fyrir að skilavaldið muni, á síðari hluta ársins 2024, innleiða kröfu um undirskipan, sem verði að lágmarki 13,5% af áhættugrunni bankans.

- MREL-fjármögnun Landsbankans er samtals 491,2 ma.kr. í lok júní 2024. Það jafngildir 36,4% af áhættugrunni eða sem nemur 66 mö.kr. umfram lágmarkskröfu skilavalds Seðlabanka Íslands.

- Tilskipun ESB um endurbætur og skilameðferð fjármálfyrirtækja (BRRD) var innleidd í lög á Íslandi árið 2020.

- Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL) er hluti af BRRD.
- Skilavald Seðlabanka Íslands leggur MREL-kröfu á Landsbankann sem kerfislega mikilvægt fjármálfyrirtæki á Íslandi (O-SII).

*Við næstu ákvörðun MREL-kröfu skilavaldsins má gera ráð fyrir að hún lækki úr 21,6% af áhættugrunni í 21,0%, í beinu framhaldi af lækun viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn undir Stoð II R.

Arðgreiðslur

Stefna bankans er að greiða um 50% af hagnaði fyrra árs í arð


Arðgreiðslur 2024

- Aðalfundur Landsbankans, sem haldinn var 19. apríl 2024, samþykkti tillögu bankaráðs um að greiða arð til hluthafa vegna reikningsársins 2023 sem nemur 0,70 krónum á hlut og að arðgreiðslan verði tvískipt. Arðgreiðslurnar nema hvor um sig 0,35 krónum á hlut og var fyrri greiðslan innt af hendi þann 24. apríl sl. en sú síðari verður innt af hendi þann 16. október 2024. Arðgreiðslurnar nema í heild 16.530 milljónum króna.


Arðgreiðslustefna Landsbankans

- Landsbankinn stefnir að því að reglulegar arðgreiðslur til hluthafa verði að jafnaði um 50% af hagnaði fyrra árs. Í samræmi við markmið um eiginfjárlutfall er einnig stefnt að sérstökum arðgreiðslum til þess að auka hagkvæmni í fjármagnsskipan bankans.
- Við ákvörðun um fjárhæð arðgreiðslna verði tryggt að bankinn viðhaldi afar sterkri fjárhagsstöðu. Þannig verði tekið mið af áhættu í innra og ytra umhverfi, vaxtarhorfum og að bankinn viðhaldi til framtíðar traustri eiginfjár- og lausafjárstöðu og uppfylli lögbundnar kröfur um fjárhagsstöðu á hverjum tíma.

Arðgreiðslur



Eiginfjárlutfall breytingar 6M 2024



Ánægðustu viðskiptavinirnir



- Framúrskarandi app í sífelldri þróun
- Ör vöxtur færsluhirðingar
- **48%** vöxtur í Sparað í appi

Jákvæð áhrif á íslenskt samfélag



- Styðjum HönnunarMars, Skólahreysti og fjölda góðra verkefna um allt land
- Veittum **16** námsstyrki
- Stuðlum að auknu fjármálalæsi með yfir 50 fræðslugreinum, viðburðum, greiningum og myndböndum

Traustur og ábyrgur rekstur



- Öllum fjárhagslegum markmiðum náð
- Eflum þjónustuna með kaupum á TM
- Sterk áhersla á netöryggi og að uppfylla strangar kröfur regluverks

Eftirsóttur vinnustaður




- **91%** starfsfólks myndi mæla með vinnustaðnum
- **92%** starfsfólks er stolt af því að vinna hjá Landsbankanum

Viðauki


Efnahagssviðsmyndir vegna mats á væntu útlánatapi

- Hagfræðideild Landsbankans útbýr sviðsmyndir með spám um mikilvægar hagstærðir.
- Myndirnar sýna lykilhagstærðir sem notaðar voru við útreikning á væntu útlánatapi fyrir áhættustig 1 og 2.
- Spárnar sýna meðaltalsgildi fyrir næstu 12 mánuði og út spátímann, sem nær til meðallangs tíma.
- Við útreikning á væntu útlánatapi er jákvæðu sviðsmyndinni gefið 10% vægi, grunnsviðsmyndinni er gefið vægið 70% og neikvæðu sviðsmyndinni er gefið vægið 20% (2023: 10%-70%-20%).


Hagvöxtur




Atvinnuleysi




Verðbólga




Meginvextir SÍ (sjö daga bundin innlán)



EUR / ISK



Íbúðaverð, breyting milli ára



Kennitölur

	6M 2024	2023	2022	2021	2020	2F 2024	1F 2024	4F 2023	3F 2023	2F 2023
Hagnaður eftir skatta	16.121	33.167	16.997	28.919	10.521	8.965	7.156	10.784	7.910	6.717
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	10,5%	11,6%	6,3%	10,8%	4,3%	11,7%	9,3%	14,5%	10,9%	9,5%
Arðsemi heildareigna eftir skatta	1,6%	1,7%	1,0%	1,7%	0,7%	1,7%	1,4%	2,2%	1,6%	1,4%
Heildareignir	2.075.463	1.960.776	1.787.024	1.729.798	1.564.177	2.075.463	2.032.436	1.960.776	1.982.403	1.896.369
Hreinar vaxtatekjur	29.135	57.559	46.464	38.953	38.074	14.752	14.383	14.784	15.241	14.469
Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna	2,9%	3,0%	2,7%	2,3%	2,5%	2,9%	2,9%	3,0%	3,1%	3,0%
Útlán í hlutfalli við innlán viðskiptavina	151,4%	155,5%	159,6%	154,1%	160,5%	151,4%	151,1%	155,5%	150,2%	157,6%
Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T)	33,1%	33,7%	46,8%	43,2%	47,4%	32,5%	33,6%	31,6%	31,5%	39,5%
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af mst. heildareigna	1,3%	1,4%	1,4%	1,4%	1,6%	1,3%	1,4%	1,5%	1,2%	1,4%
Eigið fé samtals	303.262	303.754	279.091	282.645	258.255	303.262	310.828	303.754	292.971	285.060
Eiginfjárlutfall alls	24,4%	23,6%	24,7%	26,6%	25,1%	24,4%	24,9%	23,6%	23,7%	25,3%
Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar (e. MREL)	36,4%	37,9%	40,4%			36,4%	39,6%	37,9%	37,8%	35,5%
Heildarlausafjárþekja	177%	181%	134%	179%	154%	177%	272%	181%	238%	165%
Lausafjárþekja EUR (LCR FX til og með 2022)	447%	1499%	351%	556%	424%	447%	950%	1499%	1227%	623%
Lausafjárþekja ISK	159%	129%	99%	120%	105%	159%	156%	129%	161%	146%
Fjármögnunarþekja	122%	123%	117%	121%	116%	122%	127%	123%	123%	120%
Fjármögnunarþekja erlendra mynta	138%	145%	132%	142%	132%	138%	157%	145%	150%	136%
Stöðugildi	824	817	813	816	878	824	826	817	818	801

Rekstur

	6M 2024	2023	2022	2021	2020	2F 2024	1F 2024	4F 2023	3F 2023	2F 2023
Hreinar vaxtatekjur	29.135	57.559	46.464	38.953	38.074	14.752	14.383	14.783	15.241	14.469
Hreinar þjónustutekjur	5.378	11.153	10.623	9.483	7.638	2.642	2.736	3.066	2.336	2.703
Hrein virðisbreyting	-3.460	-3.120	2.473	7.037	-12.020	-746	-2.714	-1.281	-249	520
Aðrar rekstrartekjur	6.334	8.256	-6.307	6.857	4.561	3.178	3.156	5.267	208	-535
Rekstrartekjur samtals	37.387	73.848	53.253	62.330	38.253	19.826	17.561	21.835	17.536	17.157
Laun og launatengd gjöld	8.423	15.866	14.474	14.759	14.767	4.190	4.233	4.332	3.221	4.194
Annar rekstrarkostnaður	5.077	10.092	9.289	9.105	9.064	2.491	2.585	2.979	2.388	2.370
Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	1.236	2.290	2.097	2.013	1.815	636	600	527	643	550
Rekstrargjöld samtals	14.736	28.248	25.860	25.877	25.646	7.317	7.419	7.838	6.252	7.114
Hagnaður fyrir skatta	22.651	45.600	27.393	36.453	12.607	12.509	10.142	13.997	11.284	10.043
Tekjuskattur	6.530	12.433	10.396	7.534	2.086	3.544	2.986	3.213	3.374	3.326
Hagnaður tímabilsins	16.121	33.167	16.997	28.919	10.521	8.965	7.156	10.784	7.910	6.717

Efnahagur

	30.6.2024	31.12.2023	Breyting	
Sjóður og innistæður í Seðlabanka	111.224	75.350	35.874	48%
Markaðsskuldabréf	140.235	148.182	-7.947	-5%
Hlutabréf	22.815	19.012	3.803	20%
Útlán og kröfur á lánastofnanir	32.511	54.101	-21.590	-40%
Útlán og kröfur á viðskiptavinum	1.738.585	1.630.894	107.691	7%
Aðrar eignir	30.093	33.237	-3.144	-9%
Eignir samtals	2.075.463	1.960.776	114.687	6%
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	8.219	29.968	-21.749	-73%
Innlán frá viðskiptavinum	1.148.431	1.048.537	99.894	10%
Lántaka	529.137	513.687	15.450	3%
Aðrar skuldir	50.051	44.654	5.397	12%
Víkjandi lántaka	36.363	20.176	16.187	80%
Eigið fé	303.262	303.754	-492	0%
Skuldir og eigið fé samtals	2.075.463	1.960.776	114.687	6%

	31.12.2022	31.12.2021	31.12.2020
	42.216	82.425	67.604
	125.265	150.435	119.330
	19.106	33.347	26.808
	28.621	47.231	48.073
	1.544.360	1.387.463	1.273.426
	27.456	28.897	28.936
Eignir samtals	1.787.024	1.729.798	1.564.177
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	6.634	10.425	48.725
Innlán frá viðskiptavinum	967.863	900.098	793.427
Lántaka	476.864	486.042	420.178
Aðrar skuldir	34.819	29.803	22.226
Víkjandi lántaka	21.753	20.785	21.366
Eigið fé	279.091	282.645	258.255
Skuldir og eigið fé samtals	1.787.024	1.729.798	1.564.177

Starfsþættir

1.1-30.6.2024	Einstaklingssvið	Fyrirtækjasvið	Eignastýring og miðlun	Fjárstýring og viðskiptavakt	Önnur svið	Jöfnunar-færslur	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	10.696	13.863	251	4.023	260	42	29.135
Hreinar þjónustutekjur	1.700	1.296	2.600	-243	108	-83	5.378
Hrein virðisbreyting	-2.269	-1.190	-	-1	-	-	-3.460
Aðrar tekjur og (gjöld)	51	140	88	5.904	153	-2	6.334
Rekstrartekjur (gjöld) samtals	10.178	14.109	2.939	9.683	521	-43	37.387
Rekstrargjöld	-3.656	-1.719	-1.214	-463	-6.531	83	-13.500
Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	-512	-262	-6	-454	-2	-	-1.236
Útskiptur kostnaður	-2.421	-1.626	-642	-574	5.263	-	0
Hagnaður (tap) fyrir skatta	3.589	10.502	1.077	8.192	-749	40	22.651
Tekjuskattur	-1.109	-2.863	-634	-2.055	131	-	-6.530
Hagnaður (tap) tímabilsins	2.480	7.639	443	6.137	-618	40	16.121
Eignir samtals	901.989	823.843	15.461	748.824	22.098	-436.752	2.075.463
Skuldir samtals	835.860	694.654	10.213	650.220	18.006	-436.752	1.772.201
Úthlutað eigið fé	66.129	129.189	5.248	98.604	4.092	0	303.262

Fyrirvari

- Kynningu þessari er einvörðungu ætlað að vera til upplýsinga og skal hvorki tekið sem tilboði eða hvatningu um áskrift, kaup eða sölu á fjármálagerningum af hvaða tegund sem er.
- Upplýsingar í kynningu þessari hafa ekki verið sannreyndar sérstaklega. Landsbankinn ábyrgist ekki að upplýsingar eða skoðanir í kynningu þessari séu nákvæmar, sanngjarnar eða tæmandi.
- Í kynningu þessari kunna að vera áætlanir og framtíðarspár sem eru háðar ýmsum áhættu- og óvissuþáttum sem gætu leitt til þess að raunveruleg niðurstaða verði í verulegum atriðum önnur og sem gætu haft neikvæð fjárhagsleg áhrif á þau atriði sem fjallað er um í kynningu þessari.
- Landsbankinn ber enga ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni, hvernig sem það er tilkomið, vegna notkunar á þessari kynningu.
- Landsbankinn er ekki skuldbundinn til að uppfæra kynningu þessa, veita frekari upplýsingar eða leiðrétta villur sem kunna að koma í ljós.